

## Forvarnaáætlun

Í Snælandsskóla hefur markvisst verið unnið forvarnarstarf sem m.a. felst í því að marka leiðir til að auka færni nemenda til þess að takast á við daglegt líf. Leitað hefur verið leiða til að efla sjálfstraust nemenda, félagslegan og siðferðilegan styrk, andlegan, sálrænan og líkamlegan þroska allt eftir aldri og þroska.

Um allt starf Snælandsskóla gilda landslög og reglur um meðferð áfengis og tóbaks. Fræðsla um fíknivarnir er samþætt öllu starfi skólans. Einnig fer hún fram sérstaklega á bekkjarfundum og í samstarfi við félagsmiðstöðina IGLÓ.

Frá 2020 hefur lífsleiknikennsla skólans verið eflid og hefur einn kennari yfirumsjón með því starfi fyrir 8.-10. bekk. Í þessum kennslustundum er unnið með sjálfsmynd nemenda, markmið þeirra í námi og einkalífi, fjármálafræðslu og heilsueflingu auk þess sem unnið er með alls kyns rannsóknir og forvarnaefni. Árið 2021 var bætt um betur þegar forvarnaþema varð eitt af sex þemum í flæði á miðstigi. Þar er unnið með sjálfsmynd, kynfræðslu og einelti auk annarra þátta. Forvarnaáætlun Snælandsskóla birtist einnig eineltisáætlun og jafnréttisáætlun skólans.

## Árleg verkefni vegna kynfræðslu og fræðslu um kynbundið ofbeldi í Snælandsskóla.

1.bekkur	Kennarar og hjúkrunarfræðingur með fræðslu um einkastaði líkamans. Hjúkrunarfræðingur með viðtöl. Líður þér illa nálægt einhverjum?
2.bekkur	Krakkarnir í hverfinu. Heimsókn og brúðuleikhús. Boð um að skrifa bréf til brúðanna. Bekkjarfundir helgaðir málefnum.
3.bekkur	Hjúkrunarfræðingur kemur með fræðslu í kennslustund. Myndband: Leyndarmálið-segjum nei og verkefni um hverjum nemendur treysta fyrir vondum leyndarmálum.
4.bekkur	Lífsstílsviðtöl hjá hjúkrunarfræðingi. Líður þér illa nálægt einhverjum? Bekkjarfundir helgaðir málefnum.
5.bekkur	Lífsleikniteymi með markvissa kynþroskafræðslu. Rætt um kynþroska með tilliti til aldurs. Sjálfsstyrking og að þora að segja nei. Myndbönd: (Stattu með þér) Hinseginfræðsla. Hjúkrunarfræðingur með fræðslu um samskipti Myndband: Tölum um ofbeldi. Kynning á tilkynningarhnappi til Barnaverndar á spjalddölvum nemenda.
6.bekkur	Rætt um mörk, snertingu og að nei þýðir nei. Lífsleikniteymi með sjálfsstyrkingu. Hinseginfræðsla Hjúkrunarfræðingur með fræðslu um kynþroskann og kynferðisofbeldi. Kynning á tilkynningarhnappi til Barnaverndar á spjalddölvum nemenda.

7.bekkur	Lífsleikniteymi með markvissa kynþroskafræðslu. Rætt um kynþroska með tilliti til aldurs. Sjálfsstyrking. Sambönd og kynfræðsla. Umræða um klám og ofbeldi. Að þora að segja nei. Hinseginfræðsla, Myndbönd: Myndin af mér. Stattu með þér. Hjúkrunarfræðingur með lífsstílsviðtöl. Líður þér illa nálægt einhverjum? Hefur þú orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi, andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu? Kynning á tilkynningarhnappi til Barnaverndar á spjaldtölvum nemenda.
8.bekkur	Hjúkrunarfræðingur – sjálfsmýnd, samskipti og líðan og kynheilbrigði (2 skipti). Áfram unnið með sjálfsmýnd og hópþrýsting í tengslum við samskipti og mörk (1-2 skipti). Meðal annars efni af <a href="https://spjaldtolvur.kopavogur.is/kynheilbrigdi-og-unglingar-2/">https://spjaldtolvur.kopavogur.is/kynheilbrigdi-og-unglingar-2/</a> Kynning á tilkynningarhnappi til Barnaverndar á spjaldtölvum nemenda.
9.bekkur	Hjúkrunarfræðingur – fræðsla um kynheilbrigði (3 skipti) þar sem komið er inn á hvað sé kynferðisofbeldi. Hjúkrunarfræðingur með lífsstílsviðtöl. Líður þér illa nálægt einhverjum? Hefur þú orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi, andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu? Kynning á tilkynningarhnappi til Barnaverndar á spjaldtölvum nemenda.
10.bekkur	Hjúkrunarfræðingur – ábyrgð á eigin heilsu Ástráður – Félag læknanema Umræða um mörk í samskiptum við aðra óháð kyni – byggt að einhverju leiti á verkefninu Sjúk ást <a href="https://sjukast.is/">https://sjukast.is/</a> Kynning á tilkynningarhnappi til Barnaverndar á spjaldtölvum nemenda.
Félagsmiðtöðin Igló	Sjúk ást. Aðgangur að fræðsluefni á skrifstofu Tabú kvöld – þar sem unglíngarnir geta spurt nafnlausra spurninga
Frístund	Verkefni tengd vinnu með Barnasáttmálann <a href="https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-born/verkefni/youngsta-stig/minir-einkastadir">https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-born/verkefni/youngsta-stig/minir-einkastadir</a>

## Hlutverk foreldra í forvörnum

Foreldrar eru samkvæmt könnunum Rannsóknar og greiningar fyrirmyndir barna sinna og sterkastur áhrifavaldur í lífi þeirra. Ábyrgð þeirra er því mikil þegar kemur að forvörnum. Mikilvægt er að þeir:

- gefi sér tíma með barninu
- hlusti á álit barnsins
- setji reglur um útivist og netnotkun á heimilum
- hvetji barnið til tómsunda iðkana og taka þátt í því
- veri barninu góð fyrirmynd
- veri þátttakendur í foreldrasamstarfi / foreldrarölti
- geri barnið fært um að rækta persónuleg lífsgæði sem fylgja því ævina á enda

